



## Umsögn

**Til: Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs**

**Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs**

**Efni: Beiðni um fjölgun barna á ungarnaleikskólanum Krílaseli úr 20 í 25**

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs hefur óskað eftir umsögn um beiðni ungarnaleikskólans Krílasels frá 20. september 2020 um fjölgun barna úr 20 í 25.

Í bréfi leikskólans til skóla- og frístundasviða kemur fram að töluverður hluti barnanna sé ekki í fullri vistun og sum alveg niður í 6,5 tíma á dag og að meðaltali séu um 17 – 18 börn í skólanum hverju sinni. Samkvæmt leikskólanum ber húsnæði skólans að fleiri börn verði tekin inn og útisvæðið hefur verið stækkað um 225 fm.

Í minnisblaði skóla- og frístundasviðs til skóla- og frístundaráðs, dags. 22. september s.l., er kostnaður vegna fjölgunar barna kr. 13.478.465 á ársgrundvelli. Er þar miðað við að mánaðarlegt rekstrar- og húsnæðisframlag fyrir hvert barn sé kr. 245.063 í 11 mánuði. Þessu til stuðnings vísar skóla- og frístundasviðs til samnings sviðsins við sjálfstætt starfandi leikskóla og ungarnaskóla. Sömuleiðis er bent á að kostnaður þessi mun hækka vegna nýrra kjarasamninga.

Fjármála- og áhættustýringarsvið, telur kostnaðarmat vegna aukningar leikskólaplássa raunhæfa. Eins og skóla- og frístundasvið hefur bent á mun kostnaður vegna nýrra kjarasamninga hækka framlag pr. barn í sjálfstætt starfandi grunnskólum og sú hækkan gæti verið um 10%. Þó er bent á að börnin 5 sem gætu fengið leikskólapláss vegna fjölgunarinnar, væru annars að öllum líkindum í vistun hjá dagforeldri. Einhver sparnaður gæti legið í framlagi borgarinnar til dagforeldra sem er kr. 91.007 á mánuði pr. barn. Sá sparnaður mun þó ekki raungerast ef ný börn eru tekin í stað þeirra sem fá leikskólaplássin.

Kostnaður vegna fjölgunar leikskólaplássa er á ársgrundvelli. Ef fjölgun mun verða á plássum á árinu 2020 er kostnaðurinn hlutfall árskostnaðar til samræmis við nýtingartímann. Fjárheimildir skóla- og frístundasviðs vegna leikskólamála eru ekki fullnýttar og því myndu breytingarnar rúmast innan núverandi fjárheimilda vegna leikskólahluta fyrir árið 2020.

*Halldóra Káradóttir,  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.*